

Ljóð sem voru á meðal þeirra bestu á miðstigi:

Refurinn

Hann trítlar í gegnum skóginn
og gægist framhá greinum
í leit að næstu máltíð
sem felur sig undir steinum.

Anna Guðrún Þórbergsdóttir, 7. bekk Hofsstaðaskóla

Ég lít
á logann.
Hann blikkar
til mín
og býður mér
til sín.

Anna Guðrún Þórbergsdóttir, 7. bekk Hofsstaðaskóla

Tönkur frá nemendum í 7. bekk Hofsstaðaskóla:

Það er komið haust
Laufin falla endalaust
Gul og brún og rauð
Þau liggja á jörðu dauð
Bíða eftir vindi Guðs

Sigurbjörg María Ísleifsdóttir, 7. AP

t í m i

Ég bíð og hlusta
Fuglarnir syngja til mín
Dauðinn er nálægt
Tíminn er að renna út
En ég stend enn stolt og há

Kristín Hong Sveinsdóttir, 7. AP

Fuglinn

Fuglinn flýtur hátt
Leitar að mat og skjóli
Finnur fisk í tjörn
Steypir sér niður fimur
Fangar bráðina í nef

Anna Björk Ármann, 7. AP

Ský

Ský, mjúk eins og ull
svífa um veröldina
Safna sér regni
í skýjasvampinn hvíta
sem guð breiðir yfir mig

Halla Ólöf Magnúsdóttir, 7. AP

Snjór

Hvítur kaldur er
snjórinn undir skíðunum
með hvítar slöngur
á eftir mér hvæsandi
alla leið í markið komst

Hrafnhildur Salka Pálmadóttir, 7. AP

Ský – hvítt kandí floss
Ský – létt sem bómull svífur
Ský á himni hlær
Safnar í sig sorgunum
og grætur yfir börnum

Pórhildur Sonja Björnsdóttir, 7. AP

Árstíðirnar

Haustið leiðir kuldanum að okkur
og lafin falla rólega af trjánum
Grasið breytir um lit
á meðan dýrin fara í dvala

Næst kemur veturinn með snæinn
sem glitrar eins og stjörnurnar
á víðum himni
og biður jólin að heilsa okkur

Vorið fylgir á eftir
og það blómstrar allt í kring
Dýrin koma til lífs
með lit náttúrunnar

Stuttu síðar gægist sumarið til okkar
og fyllir dagana með sólskini og hita
Við njótum hlýjunnar áður en haustið kemur aftur
til að leiða kuldanum að okkur á ný

Anna Guðrún Þórbergsdóttir, Kristín Hong Sveinsdóttir og Þórhildur Sonja Björnsdóttir,

7. bekk Hofstaðaskóla

Vetur

Það er komið vetrarkvöld,
mér líður eins og ég sé búin að bíða í heila öld.
Snjó Korn byrja að falla,
glaða gerir það alla.

Halldóra Sól Sigurðardóttir, 7. bekk Hofstaðaskóla

Haust eða vetur?

Haustið er á bak og burt,

en ef ég gæti bara spurt.

Hvar er veturinn?

Allavega í þetta sinn,

hvaða árstíð er þá núna?

Grasið er að fúna.

Er haust, sumar, vetur eða vor?

Og þetta er mitt litla þor.

Kannski er haust-vetur,

eða líkar þér vetur-haust betur?

Gettu ef þú getur.

En fallett er sólarsetur.

Hanna Sólveig Björnsdóttir, 6. bekk Egilsstaðaskóla

fuglar og manneskjur

fuglar fljúga

og manneskjur ljúga

fuglar á vatninu fljóta

og mennirnir skjóta

Apríl Sól Hermannsdóttir, 5. bekk Austurbæjarskóla

Sumarblíða

Sólin er hátt á lofti
en sést ekki
fyrir aftan fjöllin
sem gnæfa
yfir litlum sveitabæ

Geisli skín
inn um strompinn
og kveikir
lítið bál

Teitur Arnarson og Elías Eldjárn Atlason, 5. bekk Melaskóla

Jólaskórinn

Ég vakna á aðfangadag,
kíki í gluggann en ekkert er þar.
Skórinn er tómur.
Ég leita alls staðar en ekkert er þar.
Ég fatta að jólasveinninn er ekki til,
eða hvað?
Ég geng inn í stofu og þar er það sem ég leita að.

Saga og Snjóka, 5. bekk Melaskóla